Meistari „minimalismans", Larry Bell, sýnir á Kjarvalsstöðum:

Besti sýningarstaður sem ég hef séð

— segir Larry um Kjarvalsstaði og lýsinguna þar

Sýning á verkum eftir bandaríska listamanninn Larry Bell verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Hér er á ferðinni með merkari listamönnum sem þar hafa sýnt síðustu ár en Larry hefur oft verið nefndur meistari minimalismans, listastefnu hinna óhlutbundinna myndverka sem Larry og fleiri listamenn komu af stað með sýningu þeirra í New York árið 1966. Einnig hefur verið talað um svokallaða ABC-list.

Sýningin á Kjarvalsstöðum nefnist „Rýmisgler" en þar verða sýndir glerskúlptúrar og samklippimyndir. Verkin byggja ekki á innri tengslum forma heldur er það heildin andspænis áhorfandanum sem skiptir mestu máli. Hluturinn hefur verið einfaldaður í grindur eða byggingar, ósnertanleg fyrirbæri eins og t.d. ljós. Í sýningarskrá segir Larry m.a. um verkin:

„Þessi sýning er um yfirborð og ljós. Pappír og gler eru grunnurinn, efni sem við meðhöndlum daglega til margskyns nota. Hún er líka um tilfinningar. Tilgangur verka minna er að tjá tilfinningar."

Larry Bell setti sýninguna upp í vikunni ásamt aðstoðarmönnum sínum og verður viðstaddur opnunina í dag. Eftir það ætlar hann að ferðast um landið í nokkra daga ásamt eiginkonu sinni.

Góðvinur Errós

Í viðtali við DV, sem tekið var þegar hann var að setja upp fyrstu verkin í vikunni, sagði Larry að Kjarvalsstaðir væru einstakur sýningarstaður og einhver sá besti sem hann hefði sett upp sýningu á. Lýsingin, sem hans list byggðist á, væri einstök. Hann sannfærðist um þetta þegar hann kom hingað fyrst í maímánuði 1995 í boði Gunnars Kvarans, forstöðumanns Kjarvalsstaða, til að kynna sér aðstæður. Ár var þá liðið frá því Erró kynnti þá Gunnar og Larry á sýningu á verkum eftir Kjarval í París. Larry og Erró hafa nefnilega þekkst í 30 ár og hist með reglubundnum hætti í París.

Larry sagðist hlakka til sýningarinnar. Hann reiknaði ekki með að svo margir Íslendingar þekktu hans verk en sýningin myndi vonandi bæta þar úr.

„Ég vil endilega koma verkum mínum á framfæri við fólk og fá þeirra viðbrögð. Lít á það sem einstakt tækifæri. Ég læri alltaf af þeirri reynslu og vona að fólk læri einnig á að skoða verkin mín. Fyrirfram veit ég ekkert um viðbrögðin hér á Íslandi. Eina sem ég veit að hvar sem ég hef komið hafa börnin hrifist af verkunum. Þau gera sér engar væntingar og þannig vil ég hafa það. Kannski að fullorðna fólkið vilji sjá meira efni. Ég veit það ekki. En á hverri sýningu er ég að gera tilraunir, vinn ekki eftir formúlum. Kjarvalsstaðir eru bara útvíkkun á minni vinnustofu. Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt," sagði Larry. **-bjb**



Larry Bell við hluta af einu glerlistaverkanna á sýningu hans á Kjarvalsstöðum sem hefst í dag og stendur til 11. maí nk. DV-mynd ÞÖK

Hljómsveitin Mezzoforte sló í gegn í Norður-Noregi:

Sjö daga túr um hjara veraldar

Hljómsveitin Mezzoforte er nýlega komin úr sjö daga tónleikaferð um Norður-Noreg, svæði sem þeir félagar höfðu aldrei leikið á áður. Að sögn Friðriks Karlssonar gítarleikara heppnaðist ferðin mjög vel og var þeim alls staðar vel tekið, fullt hús í hvert skipti. Þeir spiluðu alveg nyrst í Noregi, í Tromsö og þar í kring, nánast á hjara veraldar.

„Staðirnir sem við lékum á tóku um 500 manns í sæti. Viðtökurnar voru mjög góðar og við mun þekktari þarna en við héldum. Norðmenn á þessu svæði eru afskaplega líkir okkur og þarna er hávetur líkt og á Íslandi. Það er ráðgert að fara aftur til Noregs seinna á þessu ári og halda þá tónleika á stærri stöðum sunnar í landinu eins og í Björgvin og Osló. Um leið er fyrirhugað að fara til Svíþjóðar," sagði Friðrik í samtali frá London í vikunni, þá nýkominn frá Noregi. Mættur á ný til að spila í söngleiknum Súperstar og vinna að fleiri verkefnum í stórborginni.

Næsta verkefni Mezzoforte verður að halda tónleika í jassklúbbi í London í nokkrar vikur í sumar. Þess má geta að hljómsveitin fagnar 20 ára afmæli næsta haust og af því tilefni verður heimildarþáttur líklega sýndur á Stöð 2. Í sveitinni eru sem fyrr, auk Friðriks, þeir Gunnlaugur Briem á trommur, Jóhann Ásmundsson á bassa, Eyþór Gunnarsson á hljómborð og Óskar Guðjónsson á saxófón. **-bjb**



Hljómsveitin Mezzoforte í sveiflu á tónleikum sem þeir héldu hér á landi sl. haust. DV-mynd Pjetur

Hver var að hringja?



Símvakinn CID-1214

Einn fullkomnasti númerabirtirinn hingað til með eftirtöldum eiginleikum:

- Stór og skýr 3ja línu kristalsskjár
- Sýnir hver hringdi, hve margir, hvenær og hversu oft
- Klukka og dagatal á skjá
- Sjálfvirkt ljós lýsir upp skjáinn fyrir aflestur í myrkri
- 50 símanúmera minni
- Endurtekið símanúmer notar aðeins 1 minni
- Blikkandi ljós sýnir að ný símanúmer hafi borist
- Valhnappur til að hringja í símanúmerið á skjánum
- Veggfesting, snúrur og íslenskar leiðbeiningar fylgja

Istel

Kr. 4.490.- stgr.

Síðumúla 37 - 108 Reykjavík
Sími 588-2800 - Fax 568-7447

Nýjar BRAUÐSTANGIR

Með kryddi og þremur tegundum af osti ofan á.
Ljúffengar brauðstangirnar fylgja öllum tilboðspizzum á Hótel Esju.



Pizza Hut.
☎ 533 2000
Hótel Esja • Kringlan

Í beinu sambandi allan sólarhringinn

SVARÞJÓNUSTA DV
903 5670

Aðeins 25 kr. mínútan. Sama verð fyrir alla landsmenn.

Svarþjónusta DV leiðir þig áfram
Þú hringir í síma 99-56-70 og velur eftirfarandi:
1 til þess að svara auglýsingu
2 til þess að hlusta á svar auglýsandans (ath.! á eingöngu við um atvinnuauglýsingar)
3 ef þú ert auglýsandi og vilt ná í svör eða tala inn á skilaboðahólfið þitt
4 sýnishorn af svari
* til þess að fara til baka, áfram eða hætta aðgerð